

Bilag 2.

**Samkomulag um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.**

ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulaginu frá 13. febrúar 1971 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962,

sem telja ráðvænlegt að gera ákvæðnar frekari breytingar á samningnum og auka við hann,

hafa orðið sammála um eftifarandi:

I

1. grein samstarfssamningsins orðist svo:

Inngangsákvæði**1. grein**

„Samningsaðilar skulu kappkosta að varðveita og efla enn frekar samstarf ríkjanna á suiði réttarfars, menningarmála, félagsmála og efnahagsmála, svo og um samgöngur og umhverfisvernd.“

II

Á eftir núverandi 29. grein komi ný fyrirsögn og þrjár nýjar greinar, er verða nr. 30-32, svohljóðandi:

„Samstarf á sviði umhverfisverndar

30. grein

Samningsaðilar skulu í innlendri löggjöf og við beiting hennar svo sem framast er unnt leggja umhverfisverndarhagsmuni annarra samningsaðila að jöfnu við hagsmuni síns eigin lands á því sviði.

31. grein

Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa umhverfisverndarreglur sínar í því skyni að á verði komið sem mestu samræmi, að því er varðar viðmiðunarmörk og meginreglur um losun úrgangs, notkun umhverfismengandi eiturefna og aðra umhverfisröskun.

32. grein

Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa ákvárdanir um náttúruverndar- og útivistarsvæði, svo og varðandi friðun og aðrar ráðstafanir til verndar jurtum og dýrum.“

III

Núverandi 30.-34. greinar verða nr. 33-37. Á eftir þessum greinum komi ný fyrirsögn og ný grein, er verður nr. 38, svohljóðandi:

„Sérstakir samningar**38. grein**

Nánari ákvæði um samstarfið á þeim sviðum, sem hér voru talin, má setja í sérstökum samningum.“

IV

Núverandi 35.-38. greinar verða nr. 39-42. Á eftir þessum greinum komi ný grein, nr. 43, svohljóðandi:

„43. grein

Veita ber almenningi aðgang að upplýsingum um norræn samstarfsmálefni, svo sem framast er kostur.“

V

Núverandi 39.-55. greinar verða nr. 44-60. Núverandi 56. grein verði nr. 61 og orðist svo: